



B 338/vækst

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

**Ráðherranefndartillögu
um norræna samstarfsáætlun um orkumál 2022–2024****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hrinda í framkvæmd tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar að norrænni samstarfsáætlun um orkumál á tímabilinu 2022–2024 og að taka tillit til sjónarmiða Norðurlandaráðs sem fram koma í nefndarálitinu við mótun og framkvæmd beinna aðgerða.

Skýring

Í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar að orkumálum er gengið út frá samstarfsáætluninni til margra ára. Núverandi áætlun gildir á árunum 2018–2021. Hún var lögð fram í Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni haustið 2017 og afgreidd af Norðurlandaráði í árslok 2017.

Norræna ráðherranefndin sendi tillögu til Norðurlandaráðs að norrænni samstarfsáætlun um orkumál á tímabilinu 2022–2024. Staðhæft er í inngangi áætlunarinnar að hún samræmist norrænu framtíðarsýninni fyrir árið 2030 og yfirlýsingu forsætisráðherranna um kolefnishlutleysi. Á komandi tímabili verður áhersla samstarfsins um orkumál á starfsemi sem styður græn umskipti á sviði orkumála og tilfærslu yfir í hagkerfi sem byggir á sjálfbærri og loftslagshlutlausri orku. Leggja skal áherslu á sjö aðgerðasvið sem tillögu að framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um Framtíðarsýn okkar 2030. Skipti yfir í endurnýjanlega orku eru kjarninn. Sviðin sjö eru:

1. Græn orkuskipti
2. Græn umskipti með efldu samstarfi um rannsóknir
3. Samstarf á raforkumarkaði (norræni raforkumarkaðurinn)
4. Orkunýtni, tækni og neytendahegðun
5. Samstarf um orkumál sem tengjast ESB/EES
6. Samfélagsleg viðurkenning á orkuverum og grænum orkuskiptum
7. Græn umskipti í samgöngum (þverfaglegt verkefni)



Til viðbótar við ofangreind áherslusvið má finna í áætluninni stefnumarkandi umboð til Norrænna orkurannsókna (NEF) en það er norræn stofnun með aðsetur í Ósló. Meginverkefni NEF er að koma saman fjármögnunaraðilum og sjóðum Norðurlanda um sameiginlegar norrænar rannsóknir á sviði orkumála, en einnig að stuðla að norrænu samstarfi við evrópskar orkurannsóknir í víðara samhengi.

Áætlunin byggir á metnaðarfullu markmiði um að raforkuframleiðsla á Norðurlöndum verði án jarðefnaeldsneytis fyrir árið 2030. Þessu markmiði er reiknað með að ná. Til lengri tíma litið er markmiðið loftslagshlutleysi. Stóra áskorunin hér felst í að auka notkun endurnýjanlegrar orku í samgöngum og þróa hagkvæma tækni til föngunar, nýtingar og geymslu kolefnis (CCUS).

Þess er getið í áætluninni að styrkur Norðurlanda felst í að mikillar fjölbreytni gæti á Norðurlöndum á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Því fer betur á að vinna saman en hver í sínu horni. Áætlunin leggur áherslu á að nýta sér það til að stuðla að hagkvæmni.

Í áætluninni er lögð áhersla á fyrirsjáanleika og þróun staðfastrar stefnu sem skal byggja á þekkingu og skilvirkum lausnum.

Áætlunin leggur áherslu á mikilvægi Græna sáttmála ESB og hinar víðtæku nýju tillögur í tengslum við metnaðarfull loftslagsmarkmið ESB; „Fit for 55-áætlunina“. Helsta markmiðið er að Norðurlöndin tali í þessu samhengi með einni röddu á vettvangi stofnana ESB, að meðtöldu ENTSO-E (Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra) og ACER (Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði ESB).

Fyrri umfjöllun í nefndinni

Á fundi sínum í apríl fékk Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin kynningu á drögum að áætluninni um orkumál. Nefndin tók í stórum dráttum vel í tillöguna en nefndarmenn bentu á margar áskoranir sem vel færi á að taka fyrir í áætluninni, þar á meðal eftirfarandi:

- Þörf á að stytta tímenn sem fer í stækkun raforkukerfisins.
- Vinna að skynsamlegri nýtingu orku sem getur stuðlað að minni fjárfestingarþörf í flutningi og framleiðslu orku.
- Samræming reglna og vinna gegn þeirri þróun að hvert norrænu ríkjanna fari eigin leiðir í áttina að landsbundnari raforkumarkaði.
- Kanna hvernig megi bæta viðbrögð við andstöðu gegn vindmyllum og öðrum orkuverum.
- Mæta þörfinni á betra hafskipulagi/stjórnun – einkum að því er varðar fljótandi vindmyllur, m.a. með tilliti til varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og annarra fjárhagslegra hagsmunaaðila sem nýta sömu svæði.



- Huga að tækifærum til samstarfs um framleiðslu vetnis og umbreytingu raforku í aðra orkugjafa (power-to-X) í stórum stíl í Eystrasalti og Norðursjó.
- Innviðir í tengslum við vindmyllur á hafi úti. Þar á meðal líkön fyrir samstarf hins opinbera/einkageirans (PPP).
- Að halda í hæft starfsfólk fyrir græn orkuskipti (t.d. verkfræðinga).
- Taka á því hvernig megi tryggja efnahagslega sanngjörn græn orkuskipti.
- Leggja mat á hlutverk og framlag lítilla orkuframleiðenda.
- Finna nýtanlegt líkan fyrir sambandið milli orkuframleiðslu og réttinda frumbyggja.

Á sumarfundinum fékk nefndin uppfærða kynningu á tillögnum þar sem nokkur ofangreindra sjónarmiða voru rifjuð upp.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin er á heildina ánægð með þessa ráðherranefndartillögu um norræna samstarfsáætlun um orkumál 2022–2024. Enn fremur er nefndin ánægð með upplýsingamiðlun og samráð sem hefur farið fram við undirbúning tillögunnar.

Nefndin veitir því eftirtekt að mörgum þeirra sjónarmiða sem nefndarmenn hafa látið í ljós í samráði er vel haldið til haga í ráðherranefndartillögunni.

Nefndin leggur áherslu á að varðveita, efla og þróa áfram Norrænar orkurannsóknir (NEF), sem skilvirkt tæki í norrænu samstarfi um orkumál. NEF skapar margföldunaráhrif í orkurannsóknum og eflir þátt Norðurlanda á sviði evrópskra orkurannsókna.

Nefndin fagnar framlagi áætlunarinnar til grænna orkuskipta í samgöngum, en minnir á tilmæli Norðurlandaráðs um að komið verði á fót ráðherranefnd um samgöngumál til að efla norrænt samstarf á þessu sviði á breiðari grundvelli.

Nefndin fagnar metnaðarfullum áformum um að Norðurlöndin eigi að sameinast í „einni röddu“ í vinnu að mótun orkustefnu ESB. Nefndin telur að forsenda þess að svo megi verða sé efling samræmingarhlutverks skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni ESB.

Nefndin leggur áherslu á að Norðurlöndin efli vel heppnað samstarf um norrænan raforkumarkað og beiti sér gegn öllum tilburðum í þá átt að Norðurlöndin fari eigin leiðir að landsbundnum raforkumörkuðum með skammtímaávinning í huga. Nefndin minnir á markmið um sameiginlegan norrænan raforkumarkað.



Í ljósi núverandi og væntanlegrar fjölgunar vindmyllna á hafi úti, bæði í Norðursjó og Eystrasalti, leggur nefndin áherslu á að Norðurlöndin eigi gott samstarf um skipulagningu hafsvæða til að komast hjá deilum ólíkra hagsmunaaðila.

Kaupmannahöfn, 2. nóvember 2021

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Vikström (S)

Arman Teimouri (L)

Freddy André Øvstegård (SV)

Jaspar Langgaard (sb)

Johan Andersson (S)

Karianne B. Bråthen (A)

Liv Kari Eskeland (H)

Lorena Delgado Varas (V)

Lulu Ranne (saf)

Mette Hjermind Dencker (DF)

Orla Hav (S)

Per Olav Tyldum (Sp)

Pål Jonson (M)

Stein Erik Lauvås (A)

Ville Kaunisto (K)